

Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli

Til húðkrabbameins teljast ýmsar gerðir krabbameins, sem eiga upptök sín í húð. Aðallega er um að ræða þrjár meinafræðigerðir, þ.e. flöguþekjukrabbamein (carcinoma squamocellulare), grunnfrumukrabbamein (carcinoma basocellulare) og sortuæxli (melanoma malignum). Síðastnefnda gerðin hefur ákveðna sérstöðu og er fjallað um hana sérstaklega í kaflanum hér á undan. Í þessum kafla verður fjallað um tvö fyrrgreindu meinin, þ.e. flöguþekjukrabbamein og grunnfrumukrabbamein, en flöguþekjukrabbameinin eru tæplega fjögur af hundræði illkynja æxla á Íslandi. Á árunum 2002-2006 var aldrastaðlað nýgengi flöguþekjukrabbameins hér á landi 11,1 af 100.000 hjá körlum og 9,7 af 100.000 hjá konum, en þetta mein er lítið algengara hjá körlum en konum. Grunnfrumukrabbamein er ekki skráð í krabbameinsskráningu á Norðurlöndum. Meðalaldur þeirra sem greinast með flöguþekjukrabbamein í húð á Íslandi er 73 ár. Húðkrabbamein leggst einkum á húðsvæði sem verða fyrir miklu sólarljósi. Bændur og sjómenn eru dæmi um starfsstéttir sem eiga frekar á hættu að fá þessi æxli en aðrir atvinnubópar.

Húðin er stærsta líffæri líkamans. Hjá fullorðinni manneskju er yfirborð hennar næstum tveir fermetrar. Mikilvægasta hlutverk húðarinnar er að vernda líkamann fyrir höggum, útfjólublárrí geislun sólar og efnun sem eru líkamanum framandi, meðal annars bakteríum og veirum. Þar að auki er húðin mikilvæg fyrir hita- og vökvajafnvægi líkamans. Húðin skiptist í þrjú lög: Yfirhúð, leðurhúð og undirhúð (fitu). Öll hafa þau sína eiginleika og hlutverk.

Algengasta gerð húðkrabbameins nefnist grunnfrumukrabbamein (basal cell carcinoma). Æxlið myndast í dýpsta lagi yfirhúðarinnar (grunnfrumulaginu) og er einn algengasti æxlissjúkdómurinn. Þetta eru, ef svo má segja, æxli sem eru

lítið illkynja og hafa hingað til ekki talist með í tölfraði um krabbamein og almennt ekki inni í krabbameinsskrám. Þrátt fyrir að þessi æxli teljist til illkynja meina er mjög sjaldgæft að þau dreifi sér um líkamann, þ.e. myndi meinvörp. Hinn meginflokkur húðkrabbameins sem myndast í yfirhúð er flöguþekjukrabbamein, og fjallar þessi kafla aðallega um það mein og tölur sem hér eru upp gefnar eiga við um þessa gerð húðkrabbameins.


Orsakir og áhættuþættir

Útfjólublá geislun frá sólinni er talin helsta orsök flöguþekjukrabbameins í húð og því eru þeir sem eru mikið í sólarljósi í aukinni hættu á að fá sjúkdóminn. Æxlin myndast fyrst og fremst á þeim húðsvæðum sem helst verða fyrir sólarljósi, t.d. á höfði, hálsi og höndum. Einnig er jónandi geislun áhættuþættur. Þeir sjúklingar sem eru á ónæmisbælandi lyfjameðferð, t.d. eftir líffæraígræðslur, eiga einnig frekar á hættu að fá flöguþekjukrabbamein. Sjúklingar með nýrnabilun fá einnig frekar flöguþekjukrabbamein í húð. Grunnfrumukrabbamein eða flöguþekjukrabbamein í húð geta verið fleiri en eitt í einu við greiningu, stundum mörg og oft víða um líkamann.


Landfræðilegur munur

Flöguþekjukrabbamein í húð er algengt t.d. í Ástralíu, Bandaríkjunum og meðal hvíttra manna í Suður-Afríku. Sjúkdómurinn er hins vegar mjög sjaldgæfur í Asíu og Afríku, sem fyrst og fremst er talið stafa af því að fólk með dökka húð hefur betri vörn gegn útfjólublárrí geislun frá sólinni. Erfitt er að fá fram nákvæmar nýgengistölur um flöguþekjukrabbamein og grunnfrumukrabbamein í húð, þar sem þessi æxli eru ekki nákvæmlega skráð. Grunnfrumuæxlin eru sjaldnast skráð í krabbameinsskrár, eins og áður sagði, og aðferðafræði við skráningu flöguþekjukrabbameins er breytileg. Því er erfitt að bera nýgengi þessara æxla saman milli þjóða. Ljóst er þó

Árlegt aldrastaðlað nýgengi



Árleg aldrastöðluð dánartíðni



að þau eru víða mjög algeng. Í Bandaríkjunum er áætlað að fjöldi grunnfrumuæxla og flöguþekjukrabbameina sé í heild álíka mikill og heildarfjöldi allra annarra greindra æxla þar í landi. Á Norðurlöndunum er nýgengi almennt svipað, einkum hjá konum, en hjá körlum er nýgengið á Íslandi nokkru lægra en í hinum löndunum og í Noregi er nýgengið hæst.

Einkenni

Flöguþekjukrabbamein í húð er algengast í andliti, á ytri eyrum, handarbökum eða neðri vör. Útlitid er nokkuð breytilegt en oft er um að ræða sár sem ekki grær. Sum æxli eru hringlaga, með upphækkuðum brúnum eins og virkismúr umhverfis dæld í miðjunni. Flöguþekjukrabbamein getur þróast frá forstigum, sem kallast actinic keratosis og Bowens-sjúkdómur. Bowens-sjúkdómur er flöguþekjukrabbamein bundið við yfirhúð (setkrabbamein) og hefur ekki enn náð að mynda ífarandi vöxt niður í leðurhúð (dermis) og er því í raun forstigi krabbameins. Actinic keratosis kemur fram sem rauðir blettir með flagnandi eða hrjúfu yfirborði, en Bowens-sjúkdómur kemur oftast fram sem einn rauður blettur, sem gjarnan líkist exemi. Flöguþekjukrabbamein getur líka myndast í gömlu öri eða brunasári.

Greining

Húðlæknar geta oft greint flöguþekjukrabbamein eða forstigi þess með skoðun húðbreytinga með berum augum eða með sérstöku stækkunargleri. Greiningin er oftast staðfest með því að taka sýni úr meininu og er vefurinn síðan skoðaður í smásjá af læknum með sérmenntun í meinafræðingum). Æskilegt er fyrir nákvæmni og áreiðanleika greiningar að meinið sé fjarlægt í heild sinni til vefjarannsóknar fremur en að aðeins sé tekið úr því lítið sýni. Þetta getur ráðið úrslitum um hvort unnt sé að greina meinið nákvæmlega. Aðferð við sýnatöku verður þó að vera háð mati læknis, sem fær sjúklinginn til meðferðar hverju sinni, því margt getur skipt máli við ákvörðum um hvernig staðið skuli að töku sýnis.

Meðferð

Flöguþekjukrabbamein og grunnfrumukrabbamein eru yfirleitt meðhöndluð með einfaldri skurðaðgerð, sem oftast lækna sjúklinginn. Gæta þarf þess að meinið sé að fullu fjarlægt, annars er hættu á að það komi aftur. Stöku sinnum er geisla- og/eða leysimeðferð beitt í staðinn, aðallega við setkrabbameinum, en einnig er hægt að beita báðum aðferðum.


Horfur

Horfur eru almennt mjög góðar. Flöguþekjukrabbamein er einungis hættulegt ef það uppgötvast ekki fyrir en það hefur náð að dreifa sér og myndað meinvörp. Sjaldgæft er, en kemur þó fyrir, að sjúklingar deyi af völdum flöguþekjukrabbameins eða grunnfrumukrabbameins í húð.


Yfirlit (2002-2006)

	Karlar	Konur
Meðalfjöldi tilfella á ári	26	27
Hlutfall af öllum meinum	3,9%	4,3%
Meðalaldur við greiningu	72 ár	74 ár
Fjöldi á lífi 31.12.2006	212	236

Aldursbundið nýgengi



Fimm ára hlutfallsleg lifun



* Úr bókinni: Krabbamein á Íslandi - Upplýsingar úr Krabbameinsskrá fyrir tímabilið 1957-2006.

Jón Gunnlaugur Jónsson og Laufey Tryggvadóttir (ritstjórar). Krabbameinsfélagið, Reykjavík 2008